

Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

I. KAFLI

Gildissvið laganna
Almennt um lífeyrissjóði

1. gr. Ný 3. málsgrein.

Alþingi
Erindi nr. þ 121/1707
komudagur 23.4.197

Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga.

Sjóðfélagi er sá, sem hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á réttindi hjá honum

Greinargerð: Ekki hefur verið ljóst hver sé raunverulega eigandi lífeyrissjóða. Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt sláptist í 4% iðgjald launþega (sjóðfélaga) og 6% iðgjald launagreiðanda mætti draga þá ályktun að launþegar eigi 40% í eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Þessi ályktun er líka í samræmi við upphaf að stofnun lífeyrissjóða almennt, sem var að taka við þeirra siðferðilegu skyldu bónda að sjá hjúu sínu farborða eftir langa þjónustu ef vinnuþrek þess dvínaði vegna elli eða örorku. Þessi húsbóndaábyrgð er mjög rík í flestum siðferðikerfum. Miklar breytingar á stöðu og hlutverki ríkisins á þessari öld hafa gjörbreytt þessari skoðun. Uppbygging velferðakerfis með almannatryggingar sem þungamiðju hefur flutt þessa framsærsluskyldu frá atvinnurekanda til ríkis og sveitarfélaga. Skylduáðild launþega að lífeyrissjóði með lagabóði 1974 sem og fyrirliggjandi frumvarp undirstrikar enn frekar þennan flutning á húsbóndaábyrg til ríkisins. Er nú svo komið að engum dettur í hug að atvinnurekandi beri skylda til að framfæra launamann sinn ef sá verður fyrir tekjumissi vegna elli eða örorku. Þar sem engin húsbóndaábyrgð er á framsærslu launþegans lengur, er ekki hægt að rökstyðja að atvinnurekendur eigi hlut í lífeyrissjóðunum.

Það hvernig iðgjaldi er slápt í 4% og 6% er hluti af kjarasamningum og í raun marklaust. Hækka mætti laun allra landsmanna um 6% iðgjaldahlut atvinnurekanda og launþegin greiddi 9,434% (=10%/1,06) af hækkuðu launumum og báðir aðilar stæðu eins. Einungis yrði um lítilsháttar tilfærslu á ábyrgð á greiðslu að ræða, sem reyna kynni á við gjaldþrot fyrirtækis.

Þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverri ástæðu, á hann einn kröfu á lífeyrissjóðinn en ekki atvinnurekandinn. Það undirstrikar e.t.v. best þá skoðun, að það eru sjóðfélagarnir, sem eiga lífeyrissjóðinn en ekki aðrir. Sjóðfélagarnir eiga líka allt undir því að stjórnun lífeyrissjóðsins sé skilvirk, því afkoma þeirra í ellinni er háð þessari eign.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa yfirleitt verið slápaðar til helminga af samtökum atvinnurekanda og launþega. Þessi skipan mála grundvallaðist á þeirri gömlu heimsmynd um húsbóndaábyrgð, sem getið er hér að framan og var sjálfsgöð, þegar atvinnurekendur voru að kaupa sig undan húsbóndaábyrgðinni með iðgjaldi til lífeyrissjóðs. Þá var það þeirra hagsmunir að sjóðirnir væru vel reknir. Eftir að þessi heimsmynd riðlaðist eru ekki forsendur fyrir áðild atvinnurekanda að stjórnun lífeyrissjóða.

VI. KAFLI

Stjórn, rekstur og innra eftirlit

29. gr.

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Félagfundur sitja sjóðfélagar sjóðsins eða umboðsmenn þeirra.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir uppreiknuðum og hálfum framreiknuðum iðgjöldum hans. Iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagsins frá upphafi skal uppreikna miðað við grundvallarlaun sjóðsins eða verðlag, liggja engin grundvallarlaun fyrir. Iðgjöld skal framreikna til ellilífeyrisaldurs og miða við iðgjöld vegna sjóðfélagsins á síðasta almanaksári.

Aðalfund skal halda árlega í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Atkvæðaseðla skal senda út til sjóðfélaga viku fyrir aðalfund. Atkvæði má greiða á aðalfundi eða bréflaga fyrir aðalfund.

Félagfundur getur stjórn boðað. Stjórn er skylt að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með 1/10 atkvæðavægis eða endurskoðendur lífeyrissjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Félagfundur skal boða með dagskrá með auglýsingu í fjölmiðlum með minnst 4 vikna og mest 7 vikna fyrirvara.

Sjóðfélagi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi.

Greinargerð: Öunmin.